

Mál nr. 189/2014

M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
váttryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á bifreiðastæði við Miðhraun 2, Garðabæ, þann 17.5.2014.

Gögn.

- 95. Málskot, móttækið 13.6.2014, ásamt fylgigögnum.
- 96. Bréf X, dags 10.7.2014, ásamt fylgigögnum.
- 97. Bréf Y, dags. 15.7.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til austurs eftir nyrðri hluta bifreiðastæðis að norðanverðu við Miðhraun 2, Garðabæ. Í sama mund var bifreiðinni B ekið til vesturs eftir sama bifreiðastæði og beygt til vinstri áleiðis í stöðureit að sunnanverðu við akbraut á bifreiðastæðinu sem bifreiðunum var ekið eftir. Rákust þá saman að því er ráða má af gögnum málsins hægra framhorn A og vinstri hlið B.

Álit.

Nefndin hefur kannað aðstæður á vettvangi. Við vestari enda bifreiðastæðisins er merki (B01.21) um bann við akstri inn á bifreiðastæðið úr þeirri átt. Stefnuörvar á yfirborði akbrautarinnar gefa það einnig greinilega til kynna. Ekki fer á milli mála að ökumaður A ók efir bifreiðastæðinu gegn einstefnu. Til þess verður áreksturinn rakinn og því telst ökumaður A eiga sök á honum. Af gögnum málsins og þegar horft er til sakar ökumanns A verður ekki séð að unnt sé að virða það ökumanni B til sakar þótt hann hafi verið búinn að beygja til vinstri áleiðis inn í stöðureitinn þegar áreksturinn varð eða hann hafi að öðru leyti átt tók á því að koma í veg fyrir áreksturinn. Eru því ekki nægar forsendur til að leggja sök á ökumann B. Ökumaður A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 12.ágúst 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.